

## Suðurlandsvegur

### Breikkun hans innan bæjarmarka Hveragerðisbæjar

Stutt sögulegt yfirlit og núverandi staða.

Minnisblað lagt fram á fundi fulltrúa Hveragerðisbæjar með innviðaráðherra  
dags. 28. júní 2023.

#### 1. Maí 2006

Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2005-2017 staðfest.

Skipulagið gerði ráð fyrir því að lega Suðurlandsvegur í Hveragerði verði óbreytt.

Í stað þess að opna ný byggingarsvæði sunnan við Suðurlandsveginn, þar sem öll umferð milli bæjarhluta færi, með frekar óöruggum hætti, um eitt hringtorg, þá var gert ráð fyrir nýjum þéttbýliskjarna austan Varmár, sem tengja mætti með viðunandi hætti við núverandi þéttbýli.

#### 2. Apríl 2007

Vegagerðin skipaði starfshóp til að fjalla um framtíðarlegu Suðurlandsvegur frá Kömbum að Árborg. Í hópnum voru auk fulltrúa Vegagerðarinnar, fulltrúar viðkomandi sveitarfélaga.

Hópurinn átti að ganga út frá því að vegurinn yrði, því sem næst, í því gamla vegastæðinu og í samræmi við gildandi aðalskipulag Hveragerðis.

#### 3. Mars 2008

Vegagerðin kynnti áform um breikkun Suðurlandsvegur frá Reykjavíkur að hringtorginu í Hveragerði. Til lengri tíma litið var gert ráð fyrir mislægum gatnamótum á veginum en hringtorgum fyrst um sinn. Yfirlitsteikningar sýndu að skerða þurfti lóðir við Breiðumörk til að koma þar fyrir mislægum gatnamótum.

#### 4. Apríl 2008

Vegagerðin óskaði eftir því að Hveragerðisbær hæfi undirbúning að breytingu á aðalskipulagi þar sem gert yrði ráð fyrir breikkun Suðurlandsvegur með mislægum gatnamótum á móts við Breiðumörk u.þ.b. 100m sunnan við núverandi hringtorg. Hveragerðisbær tók jákvætt í erindið og hóf strax vinnu við breytinguna.

#### 5. Október 2009

Breyting á aðalskipulagi Hveragerðis var staðfest, sem fól m.a. í sér:

- Breikkun Suðurlandsvegur með legu í samræmi við tillögur Vegagerðarinnar. Ný gatnamót verða um 300m sunnan við núverandi hringtorg í Hveragerði.
- Neðsta beygjan í Kömbum verður lagfærð.

- Ný tengibraut verður lögð að nýju íbúðarhverfi næst Kömbum í vegstæði núverandi Suðurlandsvegur, sem bætir verulega umferðaröryggi innanbæjar.
- Þéttbýlið stækkar suður fyrir nýjan Suðurlandsveg með góðum undirgöngum fyrir alla bæði akandi, hjólandi, gangandi og ríðandi umferð.

#### **6. Samgönguáætlun 2020-2034**

Hringvegur: Varmá – Kambar – Framkvæmdir ráðgerðar árin 2022-2024.

#### **7. Drög að samgönguáætlun 2024-2038**

Hringvegur: Varmá – Kambar - Framkvæmdir ráðgerðar árin 2027-2028.

#### **8. Staðan í dag:**

- Fyrir 15 árum síðan hafði Vegagerðin frumkvæði að því að færa veginn með ósk um að gerð yrði breyting á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar, sem staðfest var ári síðar.
- Fjögur ár eru liðin síðan framkvæmdin var fyrst sett fram í samgönguáætlun eða 10 árum eftir að fyrrgreind breyting á aðalskipulagi var gerð að ósk Vegagerðarinnar.
- Í drögum að nýrri samgönguáætlun er áætlað að framkvæmdin verði unnin á árunum 2027-2028.
- Framkvæmdin er fullhönnuð og tilbúin til útboðs. Kostnaðaráætlun liggur fyrir.
- Framkvæmdin er ófjármögnuð og því ekki fast í hendi hvenær hún kemur til framkvæmda.
- Óvissan hefur hamlandi áhrif á eðlilega byggðarþróun í Hveragerði og veldur auk þess lóðarskort í ófyrirsjáanlegan tíma. Ljósi punkturinn er þó að nokkrir byggingarverktakar eru að hefja byggingu íbúða á þéttingarreitum, sem þeir hafa til umráða í bænum.
- Dráttur á framkvæmdum við breikkun vegarins veldur töfum á aðgerðum til að bæta umferðaröryggi bæði á Suðurlandsvegi og innanbæjar.

#### **9. Niðurstaða.**

Það má með réttu segja að með 15 ára gamalli ósk sinni um að breyta aðalskipulagi bæjarins svo hægt verði að breikka Suðurlandsveg innan bæjarmarkanna og með þeim óþægindum, sem dráttur á framkvæmdinni veldur Hvergerðingum, þá er það ekki óeðlileg krafa að Vegagerðin eða ríkissjóður komi verkinu í gang sem allra fyrst, í stað þess að draga það á langinn.

Hveragerði 28. janúar 2023 - gfb.